

KONUNGLEG AUGLÝSING

11
13. apríl

um

að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 11. þ. m., samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prinz **Harald Christian Frederik**, að hafa á hendi í fjarvist Vorri.

Gjört á Amaliuborg, 13. apríl 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.